




Fréttabréf Naustaskóla

11. tölublað, 8. árgangur, 5. desember 2015

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!



Við minnum á endurskinnsmerkin í skammdeginu!

Leiksýningar og tónleikar í desember

Menningarfélag Akureyrar hefur boðið 1. bekk á tónleikana Norðurljósin í Hofi. Einnig hefur 3.-4. bekk verið boðið á sýninguna Stúfur sem einnig er sýnd í Hofi. Samsagt nóg um að vera.



Lególiðið okkar undir stjórn Magnúsar Jóns Magnússonar tók þátt í hinni árlegu Legokeppni sem haldin var í Háskólalábi í nóvember. Að þessu sinni tókst liðinu ekki að krækja sér í verðlaun. En ferðin og þátttakan á mótinu var engu að síður skemmtileg og liðið var skólanum til mikils sóma.



Kæra skólasamfélag

Enn og aftur koma jólin til að gleðja okkur í svartasta skemmdeginu.

Við byrjuðum hinn gleðiríka desembermánuð á sparifatadegi og góðum mat á fullveldisdeginum 1. desember.

Unglingarnir okkar héldu glæsilegt árshátíðarball föstudaginn 2. desember sem var vel sótt.

Skólafárið næstu daga mun einkennast af öllu því lífi og fjöri sem fylgir aðventunni.

Mánudaginn 5. desember ætlum við að hjálpast að við að skreyta skólann okkar og gera hann sem jólalegastan.

Þann 9. desember munum við taka saman árangur lestrarátaksins sem við hófum á degi íslenskrar tungu 16. nóvember sl. Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur kemur í heimsókn af þessu tilefni, ætlar að lesa fyrir okkur og afhenda viðurkenningar til þeirra sem lásu mest. En þó að átakinu ljúki formlega er nauðsynlegt að halda áfram að efla lestrarfærni en það gerist helst með daglegri þjálfun. Þar óskum við eftir stuðningi og hvatningu frá ykkur kærur foreldrar!

Í desember koma nemendur heim með matsmöppur og framundan er fjölbreyttur þemadagur, við syngjum jólalög og endum á hátíðlegri stund á litlu jólonum áður en kærkomið jólafrið tekur við.

Síðast en ekki síst fengum við þær gleðifréttir að á vordögum munu hefjast framkvæmdir á lóð skólans.

Með ósk um góða og notalega aðventu og gleðilega jólahátíð

Bryndís Björnsdóttir, skólustjóri



Hugrún Sigurbjörnsdóttir, sem flestir þekkja undir nafninu **Lilla**, hætti störfum í Naustaskóla í byrjun desember sökum aldurs. Lilla er búin að vinna í Naustaskóla frá upphafi. Hún hefur tekið brosandí á mótí nemendum og starfsfólki í forstofu skólans á hverjum morgni undanfarnir 8 ára. Nemendur höfðu mikið dálæti á henni, hún fann alltaf vettlinga og sokka sem höfðu týnst, strauk tár af vanga og snýtti litlum nefjum. Hún var kvödd með söng og tertum af nemendum og starfsfólki skólans. Hennar verður sárt saknað og óskum við henni velfarnaðar í framtíðinni. ❤️

Litlu jólin

Litlu jólin í Naustaskóla verða miðvikudaginn 21. desember. Að þeim loknum fara nemendur í jólafrí.

Á litlu jólonum mæta allir nemendur kl. 8:30 og skóladeginum lýkur kl. 11:00.

Frístund verður opin á litlujóladaginn kl. 7:45-16:15.

Kennsla að loknu jólaeyfi hefst skv. stundaskrá miðvikudaginn 4. janúar.



FRÁ FORELDRAFÉLAGI NAUSTASKÓLA

Kæru foreldrar

Nú er veturinn kominn vel af stað í skólastarfi barna okkar og í mörgu að snúast þar, eins og svo mörgu öðru. Hluti skólastarfsins eru bekkjarkvöld sem skipulögð voru á aðalfundi foreldrafélags Naustaskóla í haust. Hver bekkur heldur þrjú bekkjarkvöld á skólaárinu og hefur til umráða 10 þúsund krónur frá foreldrafélaginu sem nýta má til kaupa á þjónustu eða veitingum. Fjölmargar skemmtilegar hugmyndir eru í gangi og um að gera að nýta gagnabankann sem til er sem og að fá hugmyndir úr alls kyns áttum. Allir árgangar skólans eru með facebook-síðu fyrir foreldra og þar inni má sjá skipulag hvers árgangs fyrir sig svo foreldrar eigi auðveldara með að gera ráð fyrir þessu tímanlega. Þá hafa ákveðnir foreldrar í öllum árgöngum tekið að sér að minna á bekkjarkvöldin og undirbúa þar sem við á. Framkvæmdin, að mæta og hafa gaman saman, er svo okkar allra að taka þátt í og njóta. Meðal hugmynda fyrir líðandi vetur eru spilakvöld, hjólaferð í Kjarnaskóg, fara á skauta, fara í heimsókn til björgunarsveitar og fá að prófa klifurvegg í húsnæði þeirra, vasaljósamandarínuleit, bingó, sleðaferð í jólasveinabrekkuna, dans og zumba. Allt frábærar hugmyndir og skemmtilegar.

Á okkar heimilum finnum við að viðburðir í skólanum, utan skólatíma, vekja upp mikla tilhlökkun og eftirvæntingu meðal barnanna. Þess vegna finnst okkur svo mikilvægt að nýta þetta tækifæri til að byggja upp jákvæðni gagnvart skólanum og vera þátttakandi í því með börnunum okkar. Starfið sem fer fram utan hefðbundinnar stundatöflu eflir skólabrag, býr til minningar og gerir það að verkum að börnunum okkar þykir enn vænna um skólann sinn. Skóli er nefnilega ekki bara hús, heldur líka samfélag sem þarf að vera virkt og sú virkni þarf að koma frá öllum hlutaðeigandi - starfsfólki, kennurum, stjórnendum og ekki síst okkur foreldrunum.

Það er þess vegna von okkar sem sitjum í stjórn foreldrafélagsins í vetur að allir foreldrar taki þátt í að virkja skólasamfélag Naustaskóla til gleðistunda á bekkjarkvöldunum - og öðrum viðburðum sem okkur ef boðið að taka þátt í með börnum okkar og/eða starfsfólki skólans.

Með von um gleðilegar stundir,

Stjórn Foreldrafélags Naustaskóla



ATHYGLISVERÐAR VEFSLÓÐIR

Um lestrarviðmið og læsi!

Menntamálastofnun gaf út ný lesfimiviðmið fyrir 1. – 10. bekk grunnskóla fyrir skemmstu. Viðmið um læsi barna eru verkfæri fyrir nemendur, kennara og foreldra til að fylgjast með framförum, styðja við læsi og auka þannig líkurnar á því að sem flestir geti aflað sér menntunar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi. Markmiðið með setningu lesfimiviðmiða, ásamt væntanlegum viðmiðum um lesskilning og ritun, er að stuðla að bættu læsi barna og ungmenna í íslensku skólakerfi.

Menntamálastofnun hefur nú einnig útbúið hnitmiðaðan kynningarbækling um lesfimiviðmið til upplýsinga fyrir foreldra, kennara og aðra hagsmunaaðila.



Kvíði barna og unglunga

Í nóvember var haldið málþing í tilefni Foreldradags Heimilis og skóla sem bar heitið *Kvíði barna og ungmenna: staða og lausnir*. Upptökur af þessu málþingi eru nú aðgengilegar á heimasíðu samtakanna. Metþátttaka var á þinginu enda brennur málefnið á mörgum foreldrum:

<http://www.heimiliogskoli.is/2016/11/16/upptokur-fra-foreldradegi-heimilis-og-skola-komnar-a-netid/>





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Desember 2015

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
				1 Grísnitsel, steiktar kartöflur, gúrka, maisbaunir og sveppasósa	2 Pizza Ávextir	3
4	5 Plokkfiskur, rúgbrauð og salatbar Ávextir Skreytingardagur	6 Lasagna, hrísgrjón og gúrka Ávextir 7 Ópið hús 8-10b	7 Fiskur í raspi, kartöflur, salatbar og ananasdressing Ávextir  jólaveinahúfudagur	8 Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat og piparostasósa Ávextir	9 Vanilluskýr, brauð og álegg, ávextir.	10
11	12 Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur og tómatsósa Ávextir	13 Hakkabuff, kartöflur, gúrka og lauksósa Ávextir	14 Indverskur fiskréttur hrísgrjón og salatbar ávextir	15 Hamborgarhryggur og meðlæti Ávextir Þemadagur og frjálst nesti!	16 Blómkálssúpa, brauð og salatbar Ávextir	17
18	19 Ófnbakaður fiskur í karrýostasósu, hrísgrjón og gúrka Ávextir	20 Hakk og spaghetti Ávextir	21 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, salatbar og lauksmjör ávextir Litlu jólin (Stuttur dagur hjá nemendum, Frístund opin frá 7:45)	22 Frí Frístund opin	23 Þorláksmessa Frístund lokað	24 Aðfangadagur!
25	26 Annar í jólum!	27 Frí og frístund lokað	28 Frí og frístund lokað	29 Frí og frístund lokað	30 Frí og frístund lokað	31 Gamlársdagur

Muna: Litlu jólin eru 21. des, jólafrí hefst að þeim loknum (Ath. tímasetningar litlu jóla á forsiðu)
Þriðjudagurinn 3. janúar er starfsdagur en Frístund er opin þann dag.
Kennsla að loknu jólaeyfi hefst svo skv. stundaskrá miðvikudaginn 4. janúar.

Gleðileg jól!